

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021		
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 1 af 4	Fundargerð (Skólanefnd)	

Dags.: 28.01.25	Tími: 16:30	Staðsetning: Stofa 4	Fund boðaði: Birgir
-----------------	-------------	----------------------	---------------------

Mætt:	Guðný, Birgir, Sigurborg, Petra, Eva Mjöll, Hjördís, Þórður Vilberg, Pálína, Viktor Óli, Hlöðver, Karen Ragnarsd.
Fjarverandi:	

Dagskrá:

- 1) Staðan í stjórnun - BJ
- 2) Tölulegar upplýsingar haustannar og vorannar - GBG og BJ
- 3) Fjármál - BJ og SH
- 4) Gæðamælikvarðar og staða þeirra - PLS
- 5) Erasmus - PLS
- 6) Framkvæmdir - BJ
- 7) NIVA – VÓH
- 8) Námsframboð í nútíð og framtíð – BJ og GBG
- 9) Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs
1)	Staðan í stjórnun: Birgir upplýsir um stöðuna á stjórnun skólans. Hann var settur skólameistari til 31. júlí. Birgir ræðir að hann hafi sinnt tveimur hlutverkum hér í lok haustannar eða þegar kom í ljós að Eydís fór á þing og fór í leyfi frá skólameistarastarfinu. Guðný sinnir áfangastjórnuninni nú á vorönn og Petra kemur inn í hluta aðstoðarskólameistarastöðunnar er snýr að mannauð, nemendum og fl. Nýjir náms- og starfsráðgjafar hafa verið ráðnir út vorönnina og allt sem varðar stjórnun á þessum tímapunkti er hugsað út þetta skólaár. Umræður um hvort staðan á skertri þjónustu náms- og starfsráðgjafa komi sér illa fyrir nemendur. E.t.v. ekki komin reynsla á það samkvæmt Birgi og Ingibjörgu sem tekur þó fram að hér sé um skerðingu á þjónustu við nemendur að ræða.
2)	Tölulegar upplýsingar haustannar og vorannar: Fjöldi nemenda á haustönn 586 en fjöldi nemenda á vorönn eru 476. Helsta skýringin á mismuni fjölda nemenda milli haust og vorannar er 9-10 bekkur sem kemur inn í verkvit á haustin, í haust voru þau 145 en nú á vorönn eru um 6 nemendur úr grunnskóla sem leggja stund á einstaka áfanga.

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	Fundargerð (Skólanefnd)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 2 af 4		

	Lönmeistaránámið verður klárað í vor. Sjúkraliðanám samkennt með FNV og MÍ þannig ekki allir eru með VA sem skráðan heimaskóla af þeim 130 sem skráðir eru á vorönn. VA á þar um 30-40 nemendur. Spurt út í fækkun á hársnyrtibrautinni þar sem voru 9 í haust en eru 5 núna. Spurning hvert lágmarkið er og við miðum við að það séu 8 til að halda brautinni úti. Ýmsar þælingar uppi með hvort hægt sé að samkenna milli anna og er þetta eitthvað sem stjórnendur þurfa að skoða með tilliti til haustannar 2025.
3)	Fjármál: Sigurborg fer yfir stöðuna á árinu 2024. 602.551 í útgjöld á árinu 2024. Sigurborg nefnir að það stefni í að við verðum í plús eftir árið og er þar helsta skýringin aukning á fjárhæð v/ starfsbrautar. Það var mikil fjölgun á starfsbraut í haust. Nefnir að óþægilegt sé að slíkar fjárhæðir berast hips um haps og erfitt að vita hverju við eigum von á því þær koma seint inn en gera megí ráð fyrir um 30 m/króna í plús. Fjárlög ársins 2025 samtals 655.800.000kr. Umræður um stöðu tækjakaupa fyrir skólann í kjölfarið á þessum lið. Í fyrra voru m.a. endurnýjuð tæki í smíðadeildinni. Deildarstjórar leggja fram óskalista fyrir sínar deildir og reynt að fylgja því hvar þörfin er mest þegar metið er hvar eigi að endurnýja næst.
4)	Gæðamælikvarðar: Petra fer yfir uppbyggingu gæðastefnu VA og hvernig gæðaráð, gæðastjóri og gæðakerfi sjái til þess að gæðastefnu VA sé fylgt. Gæðamarkmið náms kynnt fundarsetufólki og farið yfir tölur haustannar samanbórið við vorönn 2024. Þau tvö gæðamarkmið sem skoðuð eru varðandi námið er: 1) Nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu á hverri önn, bæði bóklegu og verklegu. 2) Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi á hverri önn. 61.7% svörun í áfangamati á haustönn 2024 þar af 74% meðal dagskólanema og 40% meðal fjarnema. Þau markmið sem fylgt er eftir í áfangamatinu er snýr að gæðamálum eru spurningarnar „Á heildina litið er ég ánægð/ánægður/ánæggt með kennsluna í áfanganum“ og „Aðstaða til náms og kennslubúnaðar í áfanganum eru viðunandi“. Í báðum tilfellum haustannar voru 76% nemenda sem tóku afstöðuna sammála eða frekar sammála og því telst gæðamarkmiði ekki náð þar sem viðmið okkar er 80% eða hærra.
5)	Erasmus:
6)	Framkvæmdir: Tvennt sem vonir standa til um að verði gert árið 2025:

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	Fundargerð (Skólanefnd)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 3 af 4		

	- Að búa til nýtt nemendaráymi sem verður miðrýmið í bóknámshúsinu. Með þeim breytingum færast áfangastjórnaskrifstofan inn á gömlu kaffistofuna. - Taka salernin í andyri verkennsluhússins og færa þau til og gera þau mannsæmandi. Vonir standa til um að það fari af stað sem fyrst því þær framkvæmdir geta átt sér stað þó að skólinn sé í gangi. - Nýja trésmíðadeildin alltaf til umræðu og vonir standa til um að hægt verði að framkvæma fyrr en síðar og rætt um að halda áfram á þrýsta á þær framkvæmdir. - Hefur verið rætt við Kristján frá fasteignum ríkisins um að herbergin á vistinni fái örlitla upplýtingu og nú er það í hönd VA að leggja drög að hugmyndum sem hægt verður að vinna út frá.
7)	NIVA: Viktor Óli formaður NIVA segir frá störfum nemendafélagsins nú skólaárið 2024-2025. Leggur áherslu á að þau séu of mörg í nemendafélaginu þar sem öllum var hleypt að sem höfðu áhuga í haust en hafa rekið sig á að það þurfi að vera skýrar reglur um stjórnarmyndun ofl. í upphafi skólaárs því of margir nemendur verða til þess að erfitt er að kalla saman fundi og nemendur misvirkir. Hafa haldið ball í samstarfi við ME í haust, stefna á árshátíð 20. Mars og eru dugleg að auglýsa smærri viðburði á mánaðarlegum plönum. Upp komin hugmynd að endurvekja Austfirsku Ólympíuleikana í samstarfi við FSU og ME. Hlutu styrk frá Rannís í janúar sem á að aðstoða nemendafélagið í að bóka listamenn ofl. austur á land ef þau óska eftir því til dæmis í aðdraganda árshátíðar ofl.
8)	Námsframboð í nútíð og framtíð: Birgir fer yfir námsframboð s.l. missera. Helgarnámið í húsasmíði hefur gengið vel en það þarf að taka ákvörðun umhvort það eigi að keyra það árlega eða láta lengra líða á milli þess að boðið sé upp á námið. Iðnmeistaránám í samstarfi við MÍ gengur mjög vel. Smáskipanámið sem hefur verið kennt er fyrir báta upp að 15 metrum. Í skoðun að kanna skipstjórn á A stigi og sjá hvort markaður sé fyrir því. Það hafa verið uppi þælingar um hvort dreifnám í málmsmíði sé eftirsóknarvert og þurfa stjórnendur að taka stöðuna á því hvort bjóða eigi upp á það. Byrjað var að kenna eftir nýjum stúdentsbrautum í haust. Jafnréttis- og kynjafræði orðin skylda á öllum brautum. Eitt markmiðið með þessu var að fækka sérhæfðari greinum þar sem við erum með marga litla hópa í námi. Það hefur verið mikil aukning á iðnbrautir s.l. misseri en nú þarf aðeins að spýta í lófana varðandi að fjölga nemendum í bóknámi. Umræður um íþróttakademíu. Lagt til bókunar að hefja samtal við fulltrúa íþróttafélaganna í Fjarðabyggð og skoða hvort hægt sé að virkja íþróttafélögin og Fjarðabyggð inn í einhverskonar íþróttasinnaðra umhverfi samhliða skólanum því

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	Fundargerð (Skólanefnd)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 4 af 4		

hér er mikið af krökkum sem sinna íþróttum þá einna helst blak, fótbolta, glímu og það er mikils virði fyrir VA að ná að halda þessum krökkum hér eftir grunnskóla ef hugað er að því að gera námsumhverfið spennandi með hliðsjón af þeirra íþróttaástundun. Umræður um hvernig hefur verið unnið slíkt starf t.d. á Akranesi og í MK sem vert er að skoða nánar.

- 9) **Önnur mál:** Birgir ber kveðju frá Eydísi með þökk fyrir samstarfið. Listaakademían byrjuð með leikrit sem sýnt verður Mars.

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Fundargerð ritaði: <i>Petra Lind Sigurðardóttir</i>	dags. 28.01.25
---	----------------

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):